

✉ Re: Deiliskipulagstillaga í landi Ósa-Hvítserk

Búið til	14.6.2023 14:25:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	14.6.2023 14:25:43
Tilheyrir	📁 202305-0009 - Deiliskipulagstillaga í landi Ósa-Hvítserk

Efni

Re: Deiliskipulagstillaga í landi Ósa-Hvítserk

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	14.6.2023 14:25:43	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bogi.kristinsson@hunathing.is, skipulagsfulltrui@hunathing.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202305-0009.

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Húnaþings vestra, dags. 3. Maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu í landi Ósa við Hvítserk.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulagið þann 16. janúar 2023. Þar kom fram að stofnunin gerði engar athugasemdir við skipulagsáformin og að jákvætt væri að bæta ætti innviði á svæðinu enda þörf á. Bent var á að forðast að raska votlendi eins og hægt væri við innviðauppbygginguna.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagstillögu. Innviðauppbygging er frekar hófstillt og látlaus en jafnframt ætti að tryggja betri stýringu og umgengni gesta um svæðið og draga þar með úr álagi á jarðveg og gróður.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bogi Magnusen Kristinsson" <bogi.kristinsson@hunathing.is>
To: "Skipulagsfulltrúi" <skipulagsfulltrui@hunathing.is>
CC:
Subject: Deiliskipulagstillaga í landi Ósa-Hvítserk
Date: 3.5.2023 13:55:41

Óskað er eftir umsögn vegna deiliskipulagstillögu í landi Ósa við Hvítserk í Húnaþingi vestra.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2023 að auglýsa deiliskipulagstillögu skv.1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagstillögu er að kortleggja núverandi stöðu og ákvarða staðsetningu göngustíga, salerna og áningarstaða. Lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru.

Önnur markmið eru að:

- standa vörð um merkar náttúru- og söguminjar,
- kortleggja og skilgreina gönguleiðakerfi,
- stuðla að betra aðgengi almennings og eflingu ferðaþjónustu.

Frestur til að skila inn athugasemdum eða ábendingum rennur út **16. júní 2023**, og skal þeim skilað á netfangið skipulagsfulltrui@hunathing.is (<mailto:skipulagsfulltrui@hunathing.is>) eða með bréfaþósti merkt: skipulag sem við á til skipulagsfulltrúa Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Meðfylgjandi eru skipulaguppdráttur ásamt greinagerð dagsett 14.apríl 2023. Gögn unnin af Landmótun ehf, Hamraborg 12.

Kær kveðja

**Skipulagsfulltrúi Húnaþing vestra,
Húnabyggðar og Skagabyggðar.**

*Bogi Kristinsson Magnusen
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga
S: 455-2400*